

# **Siðareglur Þekkingarseturs Vestmannaeyja**

## **1. Gildissvið**

Siðareglur þessar gilda um alla starfsmenn og stjórnarmenn Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses, sem við

ráðningu til starfa eða kosningu til trúnaðarstarfa undirgangast reglur þær sem hér fara á eftir.

## **2. Almenn**

Við skuldbindum okkur til að hlíta þeim lögum sem ÞSV starfar eftir og þeim vinnureglum sem framkvæmdastjóri og stjórn setja á hverjum tíma.

Við sýnum samstarfsfólki og viðskiptavinum ÞSV ávallt virðingu og þjónustulund. Framkoma okkar á að endurspegla alúð og virðingu fyrir þeirri þjónustu sem

Þekkingarsetrið veitir.

Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu og komum í veg fyrir að hjá ÞSV viðgangist óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á kynferði, aldri, trú eða kynhneigð.

Við leggjum áherslu á heilindi, hlutlægni, gagnrýna hugsun, fagleg vinnubrögð og málefnalegan rökstuðning í starfi okkar fyrir Þekkingasetrið.

Við munum gæta varkárni í umfjöllun okkar um ÞSV á opinberum vettvangi og ekki viðhafa nein ummæli er varpað geta rýrð á ímynd og starfsemi Þekkingarsetursins.

Þegar og ef viðkvæm málefni koma upp á opinberum vettvangi, er kunna að varða

trúverðugleika ÞSV og/eða einstaka starfs - eða stjórnarmenn þess skulu framkvæmdastjóri og eftir atvikum stjórnarformaður ÞSV vera talsmenn út á við.

## **3. Trúnaður**

Við erum, svo sem lög kveða á um, bundin þagnarskyldu um hvað eina sem við verðum áskynja í starfi og snertir alla samstarfsaðila og hagsmunaaðila, sem og um trúnaðarmál Þekkingarsetursins, og helst sú skylda þrátt fyrir starfslok.

Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar og/eða þekkingu sem við höfum aflað í starfi okkar

hjá ÞSV, til ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra.

Við höfum sérstaka varúð við geymslu, ljósritun, tölvuskráningu og eyðingu gagna til að tryggja trúnað við viðskipavini og samstarfsaðila.

#### **4. Hagsmunaárekstur**

Við vinnum öll okkar verk af heiðarleika og forðumst hagsmunatengsl. Við upplýsum um þau tengsl sem kunna að vera við afgreiðslu mála og segjum okkur frá málum eða afgreiðum mál á rökstuddan og gangsæjan hátt hafi slíkt verið samþykkt af framkvæmdastjóra.

Við tökum ekki við gjöfum (umfram smágjafir) eða annars konar greiðslu eða þjónustu,

#### **5. Stjórnarseta starfsmanna**

Við tökum ekki að okkur stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum sem líklegt er að geti leitt til hagsmunaárekstra við störf okkar hjá Þekkingarsetrinu. Við upplýsum framkvæmdastjóra og stjórn um stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum. Stjórn getur gert athugasemdir við stjórnarsetu starfsmanna.

#### **6. Félagsmál starfsmanna**

Við látum gott af okkur leiða í samfélaginu með þátttöku í samfélagsmálum en gætum þess jafnframt að þátttaka í stjórnmalastarfi eða öðru félagsmálastarfi hafi ekki óæskileg áhrif á störf okkar hjá ÞSV eða orðspor hennar.

#### **7. Brot á siðareglum**

Brot á siðareglum þessum getur valdið brottvikningu úr starfi að undangenginni áminningu.

Broti á reglum ber að vísa til umfjöllunar og úrskurðar hjá framkvæmdarráði Þekkingarsetursins.

#### **8. Birting og kynning**

Siðareglur þessar eru birtar á vef Þekkingarsetursins. Starfsmönnum og stjórnarmönnum skulu kynntar siðareglurnar þegar þeir koma til starfa.

Reglur hafa verið samþykktar af framkvæmdarráði og kynntar fyrir starfsmönnum.